

Nd.

591. Nefndarálit

[29. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá 3. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur vegna máls þessa klotnað í a. m. k. þrjá hluta. Eitt virðist þó sameiginlegt með skoðunum allra nefndarmanna, að breytinga sé þörf á aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs. Að minnsta kosti þrír nefndarmenn telja, að till. um slíkar breytingar séu bezt komnar í höndum hæstv. ríkisstjórnar. Í sjálfu sér er undirritaður ekki fráhverfur því, að svo sé, þótt hann vilji með þessu nál. og sérstökum brtt. láta koma fram persónulegar skoðanir, sem hann hefur á máli þessu.

Snemma árs 1966 voru gerðar umtalsverðar breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands.

Þegar fyrstu tillögur þessa efnis voru ræddar, lét undirritaður í ljós þær skoðanir sínar, að eðlilegt væri, að þeir aðilar, sem mest legðu af mörkum til sjóðs þessa með beinu eða óbeinu framlagi sínu (sjómenn og útvegsmenn), ættu fulltrúa í sjóðsstjórn og fylgdust þar með ráðstöfun þess fjár, sem þeir legðu til hans. Um leið skyldi vera til staðar í sjóðsstjórn aðili, sem gæti samhæft störf þeirra viðskiptabanka, sem að langmestu leyti standa undir nauðsynlegri fyrirgreiðslu við útgerðina hér á landi, Seðlabanki Íslands og aðrar lánastofnanir og fjárfestingarsjóðir, sem lána til sömu hluta.

Frá því að þessi breyting var gerð 1966 hafa, auk fulltrúa Seðlabankans, tveir fulltrúar Útvegsbankans og tveir fulltrúar Landsbankans átt sæti í stjórn Fiskveiðasjóðs.

Þótt undirritaður játi fúslega ágæti þeirra einstaklinga, sem átt hafa sæti í stjórn þessari, verður ekki hjá því komizt að gagnrýna skipan hennar. Í dag er sjóðurinn undir algjörri stjórn bankastjóra — eður fulltrúa þeirra — tveggja ríkis- og viðskiptabanka og Seðlabankans.

Þetta telur undirritaður óeðlilegt. Þótt hann hafi áður verið áhugasamur um dreifingu þess valds, sem Alþingi hafði, telur hann í dag, að fenginni reynslu, að kröfur um slíka dreifingu hafi sízt orðið til þeirra bóta, sem að var stefnt, allra sízt að fela vald Alþingis og þjóðkjörinna fulltrúa, sem verða að taka kosningum a. m. k. á fjögurra ára fresti, í hendur mönnum, sem virðast ráðnir til lífstíðar, og gagnrýni kemst tæplega að, þrátt fyrir þingkjörið bankaráð, hvers vald því miður hefur verið í nokkrum tilfellum framselt úr höndum hinna þjóðkjörnu fulltrúa.

Sá, er að þessu nál. stendur, hlustaði með mikilli athygli á ræðu, sem einn af aðalbankastjórum Landsbankans hélt fyrir skömmu. Hjó hann sérstaklega í þau orð bankastjórans (m. a.), „að auka bæri lýðræðislega stjórnarhætti — og að færa bæri valdið frá stjórnvöldum til fólksins sjálfs“. Telur undirritaður, að á móti skoðunum bankastjórans sé komið með brtt. þeim, sem undirritaður flytur.

Undir lýðræðislega stjórnarhætti verður að telja, að þjóðkjörnir fulltrúar, kjörnir til fjögurra ára í senn, stjórnir að meiri hluta til þessum einna stærsta fjárfestingarsjóði íslensku þjóðarinnar, einnig til fjögurra ára.

Í sömu ræðu gat bankastjórinn þess, að nauðsynlegt mundi reynast á næstu árum, „að betri tengsl þyrftu að skapast milli stjórnar efnahagsmála og verkalýðs-hreyfingar“. Þessu hvoru tveggja telur undirritaður að sé komið á móti með þeirri skipan stjórnar, sem hann leggur til, og tekur þar utan undir skoðanir hans á þessum og öðrum málum.

Flm. frv. hefur lagt til, eins og fram kemur á þskj. 29 (29. mál), að fulltrúi sjómanna í stjórn sjóðsins eigi að skipast af Sjómannasambandi Íslands. Þetta telur undirritaður, þótt í stjórn Sjómannasambandsins sé, vera rangt. Þótt Sjómannasambandið sé lögformlegur aðili innan Alþýðusambands Íslands og eigi nú aðild félaga um allt land utan Vestfjarða og Austfjarða, er sú staðreynd ljós, þeim sem vit hafa á og til þekkja, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hefur innan sinna vébanda öll skipstjóra- og stýrimannafélög landsins, félag loftskeytanna, bryta og stærstan hluta þeirra vélstjóra, sem á flotanum starfa. Hefur undirritaður í 12 ár bent á þessa staðreynd á Alþingi, og flestir alþm. í dag þekkja til þessarar staðreyndar, þótt flm. þessa frv. sé þar lítt kunnugur, þrátt fyrir fræga útgerð um margra ára skeið.

Telur undirritaður, að með þeirri tilhögun, sem hann leggur til, sé komið á móti samtökum sjómanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar. Væri í þessu sambandi full ástæða til að gera skil furðulegum tillögum Landssambands íslenskra útvegsmanna um skipan stjórnar Fiskveiðasjóðs, en skal beðið með slíkt til umræðna um mál þetta.

Flutningsmaður þess frumvarps, sem hér er rætt, leggur einnig til, að heimild verði til ráðningar tveggja framkvæmdastjóra fyrir Fiskveiðasjóð. Mun þar vera um að ræða dulbúna ósk framsóknarmanna um væntanleg helmingaskipti þeirra við einn eða annan stjórnmalaflokk, eða sjálfan sig, og á þá undirritaður við „unga“ framsóknarmenn og svokallaða „frjálslynda vinstri menn“ — og/eða „hægri menn“.

Í slíku vill undirritaður engan þátt taka, þótt til væri kallaður, og leggur því til í sínum brtt., að ákvæði þetta verði fellt út úr frv. Enda er nú viðurkennt af flestum, að af þeim ágæta manni, sem sjóði þessum hefur stjórnað fram til þessa, hefur annar tekið við, sem ekki aðeins útvegsmenn, heldur einnig sjómenn, auk annarra, geta borið fullt traust til.

Aðrar breytingar, sem undirritaður leggur til, eru um endurskoðun sjóðsins. Hér er um að ræða einn stærsta fjárfestingarsjóð landsmanna. Án þess að á nokkurn hátt sé verið að gagnrýna þá, sem gegnt hafa starfi þessu, telur undirritaður, að ríkisendurskoðuninni beri að endurskoða reikninga þessa sjóðs sem annarra slíkra. Um leið er Alþingi sjálft með sína yfirskoðunarmenn, kjörna af Sp., með beint eftirlit kjörinna fulltrúa þjóðarinnar, eins og fylgi segir til um. Enda er eðlilegt, að reikningar þessa sjóðs og annarra skyldra séu birtir árlega með ríkisreikningnum. Mun undirritaður flytja brtt. á sérstöku þingskjali í samræmi við það, sem hér hefur verið túlkað.

Alþingi, 19. marz 1971.

Pétur Sigurðsson.